

## LISTIR

# Einleikskonserterinn í uppáhaldi

ANNAR flautukonsert Hauks Tómassonar verður frumfluttur á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld. Flautuleikurinn er í höndum ungs, ísraelsks flautuleikara og nýbakaðrar móður, Sharon Bezaly, sem hingað er komin til lands vegna frumflutningsins. Auk þess verður flutt á tónleikunum Divertimento fyrir strengjasveit eftir Béla Bartók og Fjórir hátíðisdagar á Nýja Englandi eftir bandaríska tónskáldið Charles Ives, þar sem Kór Langholtsskirkju syngur með hljómsveitinni, en Símfóníuhljómsveit Íslands var einmitt annar flytjenda á fyrstu hljómplötunni sem gefin var út með þessu verki árið 1962. Stjórnandi hljómsveitarinnar í kvöld er landi Bezaly, Ilan Volkov.

## Krefjandi en spennandi

Tildrög flautukonserts Hauks sem áheyrendur fá að kynna í fyrsta sinn í kvöld má rekja til Roberts von Bahr hjá sænska útgáfufyrirtækinu BIS. „Hann hafði samband við mig og spurði hvort ég hefði áhuga á að semja flautukonsert fyrir ungan flautuleikara, Sharon Bezaly. Hann sendi mér nokkra geisladiska með leik hennar, sem mér leist mjög vel á, svo ég ákvað að slá til. Það er líka alltaf jákvætt að takast á við verkefni eins og þetta, vitandi að það muni hljóta dreifingu á geisladiski,“ segir Haukur.

Konsertinn er í fimm köflum og er skrifaður fyrir meðalstóra hljómsveit, að slepptum kontrabössum og hornum. Aðspurð segir Bezaly að sér lítist sérlega vel á konsertinn. „Fyrst og fremst er það mikill heiður fyrir mig að tónskáld eins og Haukur skuli tileinka mér þennan konsert. Auk þess er alltaf mjög krefjandi en um leið spennandi að taka þátt í frumflutningi nýs verks, þar sem tónskáldið er til staðar. Miðað við að leika verk eftir látna höfundar þar sem ekki kemur annað til greina en að fylgja verkinu nákvæmlega eins og það er skrifað, er frábært að geta rætt við tónskáldið um flutninginn og stemninguna í verkinu,“ segir hún.

Bezaly og Haukur höfðu ekki hist fyrr en að þessu samstarfi þeirra kom, en hún segist hafa þekkt til tónlistar hans. „Verk Hauks eru svo margslungin, og svo er einnig farið með þetta verk. Hljómsveitarþáttur-



Morgunblaðið/Kristinn

Haukur Tómasson tónskáld og Sharon Bezaly flautuleikari ræða við stjórnanda Símfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld, Ilan Volkov, um flautukonsert nr. 2 eftir Hauk, sem frumfluttur verður á tónleikum í kvöld.

inn er viðamikill og því er nauðsynlegt að magna flautuna örliðið upp, svo hún hafi í við hljómsveitina. Þessi aðferð (amplified flute) er mikið notuð nú á tímum, en ég hef aldrei leikið í þannig skrifuðu verki áður, svo það er ný reynsla fyrir mig. Það sem er áhugavert við það er að tónskáldinu gefst þá kostur á að skrifa flóknari hljómsveitarpert, án þess að hafa áhyggjur af því að einleiksflautan hverfi í hljóminn.“

## Samsetning náinnar samvinnu og stærra „apparats“

Haukur hóf smíði konsertsins á árinu 2000 og lauk henni haustið 2001. Hefur verkið tekið einhverjum breytingum síðan hann komst á svið? „Nei, í raun er ekkert svigrúm fyrir slíkt,“ svarar Haukur. „Eftir að konsert er kominn í hendur flytjenda hefur tónskáldið yfirleitt ekki tækifæri til mikilla breytinga. Hins vegar vinn ég verk af þessu tagi oft í áföngum, set ofan í skúffu og reyni að fá fjarlægð á verkið í einhverjum tíma. Tek það svo aftur fram og geri þá endanlega útgáfu.“

Til stendur að gefa konsertinn út hjá BIS eins og fyrr segir, og er áætlaður upptökutími í júní á þessu ári. Símfóníuhljómsveit Íslands mun þá leika ásamt Bezaly. „Það er kannski helst þar til þá sem ég hef möguleika á að eiga við konsertinn,“ segir Haukur og kímir.

Þetta er annar flautukonsertinn sem Haukur semur, en Flautukonsert hans nr. 1 var frumfluttur af Símfóníuhljómsveit Íslands og Áshildi Haraldsdóttur í febrúar árið 2000. Hvað er málið með Hauk og þverflautukonsert? „Ja, flautan er auðvitað afskaplega lipurt hljóðfæri, en þar fyrir utan höfðar form einleikskonertsins mjög til mín. Mér finnst það skemmtileg samsetning af náinni samvinnu – að skrifa fyrir einn hljóðfærleikara og vinna mjög náið með honum – og því stóra „apparati“ sem símfóníuhljómsveit er, þar sem maður þarf líka að gæta vissrar varkárni.“

Ilan Volkov stjórnar hljómsveitinni í kvöld, en hann er 26 ára gamall Ísraeli sem þrátt fyrir ungan aldur hefur stjórnað mörgum þekktustu hljómsveitum og einleikurum heims. Tónskáldið og einleikarinn fara bæði lofsamlegum orðum um hann. „Hann er alveg ótrúlegur, mjög hæfileikarík,“ segja þau. Tónleikar kvöldins leggjast vel í þau að sögn. „Frumflutningur er alltaf svolítið sérstakur og honum fylgir mikil eftirvænting. Ég efast ekki um að þetta verði mjög gaman,“ segir Sharon Bezaly að lokum.

# Verk unnin inn í kúlu Ásmundarsafns

FYRSTA opnun ársins hjá Listasafni Reykjavíkur er sýningaröðin Kúlan í Ásmundarsafni, þar sem þrír listamenn vinna verk inn í kúluna, sem er elsti hluti byggingar Ásmundarsafns. Fyrst í sýningaröðinni er verk Tuma Magnússonar en sýning hans verður opnuð í dag kl. 17 og stendur til 16. febrúar.

Hinir listamennirnir tveir eru Finnogi Pétursson (27. febrúar til 30. mars) og Eygló Harðardóttir (10. apríl til 11. maí).

Sem sýningarrými á Kúlan sér fáar hlíðstæður. Markmið þessarar sýningaráðar er að kanna möguleika rýmisins og hvetja til endurskoðunar á hlutverki Ásmundarsafns í samfélaginu.

Vegna eðlis verkefnisins kemur sýningarskrá út stuttu eftir opnun síðustu sýningarinnar. Sýningarstjórar eru Hanna Styrmsdóttir og Pétur H. Ármannsson.

Þessi sýning er sú fyrsta af nýju sem opnaðar verða í Listasafni Reykjavíkur á tæplega þriggja mánaða tímabili. Auk þeirra verða áfram í boði þrjár fastasýningar, í öllum húsunum; Hafnarhúsi, Ásmundarsafni og á Kjarvalsstöðum.

Á morgun kl. 20 verður opnuð á Kjarvalsstöðum samsýning ungra, íslenskra og breskra listamanna og ber sýningin heitið



Morgunblaðið/Golli

Tumi Magnússon ásamt Hönnu Styrmsdóttur, en hún er annar tveggja sýningarstjóra.

then ... hluti 4 – minni forma. Sýningin stendur til 2. mars. Hugarleiftur nefnist sýning sem opnuð verður í Hafnarhúsinu 24. janúar, Myndbönd og gjörningar 29. janúar og Lýsir 1. febrúar. Á Kjarvalsstöðum verður opnuð 1. mars, í miðryminu, sýningin Sveitungar – hausarnir að austan eftir Kjarval og 7. mars verður opnuð á sama stað sýning á nýjum verkum eftir Helga Þorgils Friðjónsson, sem fagnar fimmtugsafmæli sínu á opnungardaginn. Þá verður Ilmur Stefánsdóttir með sýninguna Mobiler á Kjarvalsstöðum sem hefst 4. apríl.

Í fræðsludagskrá safnsins er boðið upp á leiðsögn, fyrirlestra og málþing. Þá mun safnið taka þátt í samstarfsverkefnum við atvinnulíf og hýsa stórmeistararamót í skák í febrúar. Um mánadaginn febrúar-mars mun Vetrarhátíð í Reykjavík hefja innreið sína í safnið með fjölbreyttri dagskrá.

## Bændaferðir

# Ferðaalmannak 2003

**AI VÖRU BANDA FERDIR**

**Vorferðir**

**Vor 1 • 4. - 14. apríl**  
Austurríki, Ítalía, Þýskaland  
Gist 3 nætur í Seefeld, 5 nætur í Riva og 2 í Würzb. **89.600 kr.**

**Vor 2 • 11. - 22. maí**  
Austurríki, Ítalía, Þýskaland  
Gist 1 nótt í Ulm, 6 nætur í Riva, 3 nætur í Seefeld og 1 í Würzburg. **94.600 kr.**

**Vor 3 • 6. - 13. maí**  
England, Wales.  
Gist 2 nætur í Oxford, 3 nætur í Cardiff og 2 nætur í London. **84.600 kr.**

**Sumarferðir**

**Sumar 1 • 9. - 22. júní**  
Þýskal., Austurr., Ungverjal., Tékk.  
Gist 4 nætur í Vínarborg, 5 nætur við Baltonavatnið og 4 nætur í Prag. **124.900 kr.**

**Sumar 2 • 9. - 22. júní**  
Austurríki - Slóvenía - Ítalía - Þýskaland  
Gist 2 nætur í Salzburg, 9 nætur í Portoroz og 2 nætur í Brixen. **123.700 kr.**

**Sumar 3 • 16. - 29. júní**  
Þýskaland, Ítalía, Slóvenía, Austurríki.  
Gist 4 nætur í Brixen, 8 nætur í Portoroz og 1 nótt í Salzburg. **123.700 kr.**

**Sumar 4 • 20. júní - 03. júlí**  
Ungverjal., Rúmenía, Slóvakía, Austurríki.  
Gist 2 nætur í Búdapest, 3 nætur í Cluj Napoca, 2 nætur Gura Humoruli, 1 nótt í Satu Mare 1 nótt í Banksa Bystrica og 3 nætur í Vínarborg. **121.500 kr.**

**Sumar 5 • 20. júní - 3. júlí**  
Ungverjal., Tékk., Pólland, Slóvakía og Austurríki. Gist 2 nætur í Brno, 4 nætur í Krakow, 2 nætur í Zakopan, 2 nætur í Bratislava og 3 nætur í Vínarborg. **117.200 kr.**

**Sumar 6 • 23. júní - 6. júlí**  
Austurríki, Ítalía og Sviss.  
Gist 3 nætur í Seefeld (Tyrol), 7 nætur í Riva og 3 nætur í Brunnen (Sviss). **113.500 kr.**

**Sumar 7 • 25. júní - 7. júlí**  
Ítalía, Frakkland, Monaco.  
Gist 2 nætur í Verona, 5 nætur í Rapallo, og 5 nætur í San Remo. **128.800 kr.**

**Sumar 8 • 25. ágúst - 7. september**  
Austurríki, Ítalía, Sviss.  
Gist 3 nætur í Seefeld-7 nætur í Riva og 3 nætur í Brunnen. **115.300 kr.**

**Sumar 9 • 25. ágúst - 7. september**  
Austurríki, Frakkland, Þýskaland.  
Gist 5 nætur í St.Anton (Týró) 3 nætur í Obernai (Alsace) 3 nætur í Cochem og 2 nætur í Köln. **110.900 kr.**

**Sumar 10 • 27. júlí - 6. ágúst**  
Heimsmeistarakeppni íslenskra hesta í Herning. Gist verður 2 nætur í Odense, 3 nætur í Flensburg, 3 nætur í Herning og 2 nætur í Kaup.h. **110.900 kr.**

**Sumar 11 • 27. ágúst - 8. september**  
Ítalía, Frakkland, Monaco.  
Gist 2 nætur í Verona, 5 nætur í Rapallo, og 5 nætur í San Remo. **128.800 kr.**

**Haustferðir**

**Haust 1 • 2. - 12. október.**  
Austurríki, Ítalía, Þýskaland.  
Gist 3 nætur í Seefeld, 6 nætur í Riva og 1 nótt í Rothenburg. **96.200 kr.**

**Haust 2 • 12. - 23. október.**  
Austurríki, Ítalía, Þýskaland.  
Gist 3 nætur í Seefeld, 5 nætur í Riva 1 nótt í Ulm og 2 nætur í Würzburg. **99.700 kr.**

**Haust 3 • 30. október - 6. nóvember**  
Þýskaland, gist 7 nætur í Cochem, Farnar skoðunarferðir flesta daga. **76.400 kr.**

**Haust 4 • 30. nóvember - 4. desember**  
Aðventuferð til Þýskalands.  
Gist 4 nætur í Würzburg. **67.400 kr.**

**Haust 5 • 4. - 7. desember**  
Aðventuferð til Þýskalands.  
Gist 3 nætur í Würzburg. **63.200 kr.**

Nánari upplýsingar eru gefnar í síma Bændaferða 533 1335 og á skrifstofu Terra Nova Sól í síma 591 9000. Hægt er að fá senda nákvæma dagskrá yfir ferðirnar.

**TERRA NOVA SÓL**  
- SPENNANDI VALKOSTUR -

## Í DAG

**Fríðrik Tryggvason** ljósmyndari opnar sýningu á Mokka kaffi. Á sýningunni, sem kallast Blátt og rautt, gefur að líta sex ljósmyndir í stærðinni 50 x 60 cm. Fríðrik Tryggvason, f. 1979, útskrifaðist frá Lorenzo di Medici í Flórens voríð 2002. Þetta er fyrsta einkasýning hans en einnig hefur hann tekið þátt í nokkrum samsýningum hérlandis og erlendis. Sýningin stendur til 15. febrúar.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

## Tölvu- og rekstrarnám hjá Rafiðnaðarskólanum

„Námið í Rafiðnaðarskólanum hefur nýst mér mjög vel, mun betur en ég átti von á. Í starfi mínu hjá Umferðarstofu nýstist öll sú þekking og færni sem ég öðlaðist hjá Rafiðnaðarskólanum. Ég mæli hiklaust með þessu námi.“

Eva Gunnarsdóttir

nemandi í Tölvu- og rekstrarnámi 1999



**RAFIDNADARSKOLLINN**  
Fyrir þá sem vilja ná árangri

Skeifan 11b · 108 Reykjavík · Sími 568 5010 · Fax 581 2420 · www.raf.is

